

4. nóvember 2022

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

## VARÐAR: Svör við umsögnum UST og NÍ

Vísað er til umsagna Umhverfisstofnunar (UST) frá 13.10.2022 og Náttúrufræðistofnunar (NÍ) frá 24.10.2022, varðandi áform Litlahorns ehf um áframhaldandi efnistöku úr skriðunni ofan við gamla veginn yfir Almannaskarð að vestanverðu eins og henni var lýst í greinargerð okkar frá 26.09.2022.




Mynd 1. Náman í Almannaskarði fyrir miðri mynd í desember 2021. Hún er ekki mjög áberandi úr fjarlæggt og með því að taka niður útkanta námunnar má draga verulega úr sjónrænum áhrifum hennar.




Mynd 2. Náman í Almannaskarði 6. apríl 2022. Myndin er tekin af afleggjaranum að Horni og Stokksnesi. Eins og sjá má gættir áhrifa vinnslunnar upp að neðri brún klettabeltisins, þar sem efnið þaðan skriður niður í námuna þegar skriðhorn efnisins nær ákveðnum mörkum.

Eins og sjá má á myndum 1 og 2 hér að ofan, sem jafnframt voru birtar í greinargerð okkar frá 26.09.2022, hefur verið grafið nokkuð djúpt inn í skriðuna að vestanverðu og til að hægt sé að ganga frá námunni á sómasamlegan hátt gæti reynst nauðsynlegt að fjarlægja efnið úr þeim hluta skriðunnar og jafna þykkt hennar. Með því fengist e.t.v. jafnari ásýnd á skriðuna til lengri tíma litið. Til greina kæmi einnig að vinna skriðuna inn að berginu, líkt og gert var við vegagerðina efsti og austast í skriðunni á þeim tíma sem vegurinn var byggður. Með því myndi jarðfræðingum, leikum og lærðum, opnast aðgangur að opnum sem án efa eru áhugaverðar í jarðfræðilegu tilliti. Dæmi um slíka vinnslu má t.d.

sjá utan í Ingólfsfjalli, norðan við Selfoss, en sú náma þjónar byggingar- og vegaf framkvæmdum í Ölfusi og við Selfoss.



Mynd 3. Kornakúrfur fyrir efni úr Almannaskarði.



Mynd 4. Kornakúrfur fyrir efni úr námunni í Fríðsæld.

Efnið úr námunni í Almannaskarði er nýtt á margvíslegan hátt við mannvirkjagerð á Hornafjarðarsvæðinu, en einkum sem fyllingarefni við húsbyggingar og til vegagerðar. Fáist ekki leyfi til áframhaldandi efnistöku í Almannaskarði er ljóst að efnið verður að koma úr öðrum eða nýjum námum. Vegagerðinni hefur t.d. verið veitt leyfi til efnistöku úr námu sem kennd er við Friðsæld, eða Krosshraun í landi Dynjanda, eins og hún var nefnd í greinargerð okkar frá 26.09.2022. Efnið í þeirri námu skriðuefni, virðist hins vegar að hluta til a.m.k. vera mun fínefnaríkara en efnið í námunni í Almannaskarði (myndir 3 og 4), enda mun hafa verið kvartað yfir moldroki á svæðinu þegar efni var unnið í þeirri námu.

Kornadreifing í efninu úr námunni í Almannaskarði er sýnd á mynd 3. Þar sést að fínefni (silt og leir) er einungis um 2% af efninu úr námunni í Almannaskarði á móti 3–12% í námunni í Friðsæld, eins og sjá má á mynd 4. Vegagerðin hyggst, samkvæmt umhverfismatsskýrslu og framkvæmdalefi, taka 47.500 m<sup>3</sup> efni úr námunni Friðsæld í neðra burðarlag fyrir nýjan hringveg um Hornafjörð. Þar er jafnframt heimilt að taka >150.000 m<sup>3</sup> af efni samkvæmt aðalskipulagi.

Í umsögn UST um námuna í Almannaskarði kemur fram að stofnuninni „er kunnugt um að efnistaka hófst þarna þegar unnið var við gerð Almannaskarðsganga án þess að efnistakan fengi formlega meðferð“. Jafnframt er bent á „að þessi náma er, á heimasíðunni namur.is tekin sem dæmi um efnistöku í skriðu sem er til lýta og þeir aðilar sem að heimasíðunni standa telja að ekki eigi að fara í efnistöku í skriðum og alls ekki eins og hér hefur verið gert. Þessir aðilar eru auk Umhverfisstofnunar, Landsvirkjun og Vegagerðin“. Rétt er að benda á að þrátt fyrir þessa yfirlýstu stefnum þessara aðila hefur Vegagerðin áform um 47.500 m<sup>3</sup> efnistöku í Friðsæld, eins og að framan getur, en sú náma er um 2 km vestan við námuna í Almannaskarði, enda hafa skriðunámur verið nýttar víða um land í verkefnum Vegagerðarinnar og fyrir verkefni Landsvirkjunar einnig, sbr. námuna norðan í Gæsafjöllum, en sú náma var tekin sem dæmi um vel heppnaðan frágang námu í greinargerð okkar frá 26.09.2022.

Í umsögn UST um námuna í Almannaskarði kemur jafnframt fram að „Umhverfisstofnun telur að hér sé um framkvæmd að ræða sem mun hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og ætti að leita allra leiða til að hindra frekari spjöll á þessum stað“. Við erum sammála UST varðandi það að sjónræn áhrif efnisvinnslunnar í Almannaskarði eru nokkur og verða það áfram verði efnisvinnslu hætt og náman skilin eftir í því ástandi sem hún er í dag. Til að bæta fyrir þau sjónrænu áhrif sem þarna hafa verið unnin verður hins vegar ekki komist hjá því að útvíkka efnistöku, til vesturs og/eða austurs, þannig að jafnvægi fái á skriðuna yfir stærra svæði. Til að svo megi verða þyrfti að jafna eða vinna meira úr austurkanti námunnar og/eða vinna efni úr „bungunni“ í vesturkanti námunnar. Sé til þess verks vandað ætti að vera hægt að forma skriðuna þannig að ekki verði verulegt lýti af henni til lengri tíma litið. Hugsanlega mætti ná þessu með 100.000–200.000 m<sup>3</sup> vinnslu á næstu 10–15 árum og endurmeta stöðuna að þeim tíma liðnum. Hvort þetta næst er vissulega háð því að markaður sé fyrir efnið hjá þeim framkvæmdaaðilum sem standa að framkvæmdum í vegagerð og við aðra mannvirkjagerð á svæðinu, sem krefst fyllingar-, styrktar- og burðarefna.

Í umsögn NÍ um námuna í Almannaskarði koma fram hliðstæðar athugasemdir og hjá UST og „er það mat Náttúrufræðistofnunar að hætta eigi efnistöku á þessum stað nú þegar og fara í að ganga frá námunni þannig að sómi sé að“. Viðbrögð okkar við umsögn NÍ eru þau sömu og við umsögn UST hér að ofan svo óþarft er að endurtaka þau, en ítrekað skal að frágangur námunnar er háður því að þarna verði áfram tekið efni, þó deila megi um hversu mikið þarf að taka þannig að frágangur verði með þeim hætti „að sómi sé að“.

Skriðan vestan við Almannaskarð, norðan við Skarðsfjörð, er löng og samfelld og ber að skoðast sem slík. Talsverður breytileiki er í litum skriðunnar (mynd 5), enda bergið sem fæðir hana fjölbreytt að gerð. Þar ægir saman bergi úr basalhraunlögum, berggöngum, laggöngum, ásamt súrum innskotum af ýmsum stærðum og gerðum, enda jarðlagastafllinn þarna dýpra rofinn en víðast annarsstaðar á landinu. Efnistaka á afmörkuðum svæðum í skriðunni breytir í raun þeirri ásýnd sem skriðan hefur ekki að neinu marki, og sé þess gætt að ganga vel um efnistökusvæðin meðan á vinnslu stendur, þá hljóta sjónrænu áhrifin að teljast innan þeirra marka sem ásættanleg eru (mynd 6). Og þar sem skriðunni í



Almannaskarði var raskað með gerð vegarins yfir Almannaskarð á sínum tíma, og væri í raun verið að hengja bakara fyrir smíð að leyfa efnistöku Vegagerðarinnar í Friðsæld en að leggja bann við efnistöku landeiganda á eigin landi í Almannaskarði, þrátt fyrir þau sjónarmið sem fram koma í álitni Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar, sem greinilega hafa það á stefnuskrá sinni að banna alfarið efnistöku úr skriðum.



Mynd 5. Skriðan vestan við Almannaskarð og norðan við Skarðsfjörð myndar samfelld og litskrúðuga heild. Myndin er frá árinu 1985 og fengin af síðu Google Earth. Náman Friðsæld við Krosshraun er táknud með F og sú í Almannaskarði með A.



Mynd 6. Mynd af skriðunni norðan við Skarðsfjörð, sem fengin er af síðu Loftmynda ehf, sýnir að umfang efnisvinnslu í námunum í Almannaskarði (A) og í Friðsæld (F) hefur ekki vaxið mikið að umfangi á þeim 36 árum sem eru á milli myndanna.

Auðvitað er það göfug hugsjón að ætla að hægt sé að ganga frá námum á einhverjum tímavæðingum, þó erfitt sé að sjá fyrir hvenær sá tími kemur og enn erfiðara að sjá að efnisþörf á Hornafjarðarsvæðinu hverfi á næstu árum eða áratugum. Því er nokkuð ljóst að krafan um lokun náma í Almannaskarði og Friðsæld er með öllu óraunhæf.

Virðingarfyllt,

**Ómar Bjarki Smáráson**  
jarðfræðingur